

Hæðahverfi

Í Hæðahverfi eru matjurtagarðar og gróðurkassar til ræktunar.

Aðkoma að svæðinu er sunnan leikskólans Hæðarbóls.

Góð aðstaða er á svæðinu með snyrtingu og garðverkfærum sem hægt er að fá lánuð. Vatn til vökvunar á staðnum.

Plöntur og útsæði fylgja ekki með görðunum. Aðgengi að aðstöðu er læst með talnalás sem leiguhafar fá númer að.

Til stendur að fjarlægja skúr sem er á staðnum þar sem hann er orðinn illa farin/ónýtur. Þegar búið er að fjarlægja skúrinn verður sett verkfærakista þar sem í boði verða garðverkfæri sem verður læst með talnalás sem leiguhafar fá númer að.

Fjöldi umsókna: 23



Álftanes

Á Álftanesi er aðkoma að matjurtakössunum frá Breiðamýri við hliðina á gervigras fótoltavellinum.

Það eru 10 gróðurkassar á svæðinu. Vatn til vökvunar er aðgengilegt á svæðinu. Garðáhöld, plöntur og útsæði fylgja ekki með matjurtakössunum.

Fjöldi umsókna: 6



Urriðaholt

Við Kaupún


Í Urriðaholti eru tvö svæði með matjurtakössum. Á eldra svæðinu er aðkoma að kössunum frá bílastæði í Kaupúni þar sem gengið er upp göngustíg til að komast að matjurtakössunum, þar eru 10 kassar.

Fjöldi umsókna: 10

Við enda Dýjagötu

Á nýja svæðinu, sem staðsett er við enda Dýjagötu, eru 28 kassar til leigu. Vatn til vökvunar er aðgengilegt á svæðunum. Garðáhöld, plöntur og útsæði fylgja ekki með matjurtakössunum.

Fjöldi umsókna: 28



Skólagarðar í Silfurtúni

Skólagarðar eru í Silfurtúni og er aðkoma að þeim við leikskólann Bæjarból. Skólagarðarnir eru fyrir börn á aldrinum 6 - 13 ára. Skráning í skólagarða fer fram á staðnum frá 1 júní, forráðamenn eru skráðir fyrir skólagjaldinu. Eftir skráningu og val barnsins á garði er forráðamanni sendur greiðsluseðill fyrir skólagjaldi, 5.500 kr. sem er efnisgjald.

Garðarnir eru opnir á virkum dögum kl. 8:00-16:00 og er þar góð aðstaða til dvalar og leikja. Eldri borgurum býðst að leigja garð í skólagörðunum eftir 7. júní.

Frá starfsmanni skólagarðanna

Í skólagörðunum í Silfurtúni seldust samtals 14 garðar sumarið 2023. Þátttakan í skólagörðunum var ekki eins góð og hún hefur verið undanfarin sumur. Ástæðan, tel ég vera, mikil rigningatíð, bleyta og kuldi þegar skráningar hófust í byrjun júní, veður sem varði nánast allan júní. Fólk fór mikið til útlanda í sumar, sumir hverjir tvisvar eða jafnvel þrisvar sinnum yfir sumarið, eða það elti sólina út á land. Þáttökufjöldinn í skólagörðunum veltur mikið á veðrinu sem er í júní og getur því snar breyst á milli ára.

Fjöldi umsókna: 14

